REGLUGERÐ

um skiptingu heilbrigðiseftirlits á Reykjavíkursvæði, Kópavogssvæði og Kjósarsvæði skv. 6. gr. 2. og 12. tl. l. nr. 109 14. nóvember 1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

1. gr.

1.1 **Reykjavíkursvæði.**
Þar starfar ein nefnd skipuð fimm fulltrúum kosnum af borgarstjórn. Starfssvæði: Reykjavíkurborg.

1.2 **Kópavogssvæði.**
Þar starfar ein nefnd skipuð fimm fulltrúum kosnum af bæjarstjórn. Starfssvæði: Kópavogskaupstaður.

1.3 **Kjósarsvæði.**
Þar starfar ein nefnd skipuð fimm fulltrúum. Starfssvæði: Seltjarnarneskaupstaður, Mosfellsbær, Kjalarneshreppur og Kjósarhreppur. Seltjarnarneskaupstaður skal eiga tvo fulltrúa, Mosfellsbær tvo fulltrúa, Kjalarneshreppur og Kjósarhreppur koma sér saman um einn.

2. gr.

2.1 Heilbrigðisnefnd Reykjavíkursvæðis fer með störf svæðisnefndar skv. 11. gr. laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, auk héraðslæknis, sem er formaður.

2.2 Heilbrigðisnefnd Kópavogssvæðis fer með störf svæðisnefndar skv. 11. gr. laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, auk héraðslæknis, sem er formaður.

2.3 Heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis fer með störf svæðisnefndar skv. 11. gr. laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, auk héraðslæknis, sem er formaður.

3. gr.

3.1 Um skipan og framkvæmd heilbrigðiseftirlits á Reykjavíkursvæði, Kópavogssvæði og Kjósarsvæði fer að öðru leyti samkvæmt lögum nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

4. gr.

4.1 Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 25. gr. laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 19. ágúst 1987.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.